



# FOR STÖÐU MAÐUR KIRKJUBÆJARSTOFU


Kirkjubæjarstofa auglýsir stöðu forstöðumanns lausa til umsóknar. Um er að ræða 100% starf og er umsóknarfrestur til og með 1. mars 2023. Kirkjubæjarstofa, þekkingarsetur er rannsókn- og fræðasetur á sviði náttúrufars, sögu og menningar. Starfsemi á Kirkjubæjarstofu hefur verið af ýmsu tagi og mörg verkefni verið unnin í nafni stofnunarinnar frá því hún var stofnuð 1997.

## Forstöðumaður ber m.a. ábyrgð á:

- öflun styrkja úr samkeppnissjóðum og utanumhald um styrkumsóknir,
- stefnumótun og útfærslu á starfsemi Kirkjubæjarstofu,
- fjármálum og rekstri,
- þróun samstarfsverkefna,
- starfsmannamálum,
- tengslum við innlenda og erlenda aðila.

## Hæfniskröfur:

- háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi,
- reynsla af stjórnun og stefnumótun,
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum,
- leiðtogaþæfileikar og góð samskiptahæfni
- gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku



**Kirkjubæjarklaustur** er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélaginu búa 680 íbúar.

**Á Klaustri** eru leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Fjölbreytt íþróttaiðkun fyrir börn er í boði. Á staðnum er íþróttahús og góð sundlaug.

**Náttúrufegurð** er einstök og afar góð aðstaða til útivistar, en veðursæld er mikil.

**Íbúð fylgir** á staðnum ef þörf er á.

**Launakjör** eru samkomulagsatriði.

## Nánari upplýsingar

Auður Guðbjörnsdóttir, stjórnarformaður  
netfang: [audur@klaustur.is](mailto:audur@klaustur.is), sími: 846 2770. Með umsókn skal fylgja kynningarbréf auk yfirlits um námsferil og fyrri störf (CV). Umsóknir skulu merktar „Forstöðumaður Kirkjubæjarstofu“ og berast á rafrænu forni.

## Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Umsóknir sendast á [ekj@klaustur.is](mailto:ekj@klaustur.is)